




Staðardagskrá 21

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2006 til 2020



Húnaþing vestra
Sjálfbær þróun á 21. öld

Efnisyfirlit

Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum.....	4
Samþykkt um sorphirðu fyrir Húnaþingi vestra	4
Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra	4
Núverandi skipulag sorpmála í Húnaþingi vestra	5
Gámasvæði Húnaþings vestra.....	5
Húsgögn og heimilistæki	5
Timbur	5
Brotamálmar	5
Hjólbarðar	5
Lífrænn úrgangur	5
Gler og postulín	6
Pappír og bylgjupappi.....	6
Dagblöð og tímarit.....	6
Fernur	6
Móttaka á skilaskyldu gleri og öðrum umbúðum	6
Hrossaskítur og heyafgangar	7
Heyrúlluplast	7
Spilliefni	7
Moltugerð	7
Notaður fatnaður og skór	8
Lyf, nálar og sprautur	8
Jarðvegstíppur sveitarfélagsins	8
Seyra	8
Nokkrar tölulegar upplýsingar tengdar sorphirðu árið 2005	8
Nýir samningar	8
Raunkostnaður	9
Grænulaut.....	9
Saga Grænulautar, urðun, söfnun og geymsla	9
Frágangur urðunarsvæðis	10
Framtíðarsýn í sorpmálum Húnaþings vestra	11
Kurlun tímbers.....	11
Uppbygging í Grænulaut	11
Jarðgerð lífræns heimilisúrgangs	11
Sorphirðukerfið.....	11
Svæðisáætlun til ársins 2020	12
Markmið Landsáætlunar Umhverfisstofnunar	12
Aðrir úrgangsflokkar	14
Opinberir ábyrgðaraðilar og þeir sem eiga að fylgja þessari áætlun eftir,	14
Niðurstæða nefndar um verka- og kostnaðarskiptingu Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga	15
Markmið Húnaþings vestra.....	16
Framkvæmdaráætlun	16
Samþykktir og gjaldskrár sveitarstjórnar	18
Gildandi lög og reglur.....	18



Hvammstangi 6. mars 2006

Formáli

Þessi áætlun um meðhöndlun úrgangs er sett fram til ársins 2020. Starfssvæðið er sveitarfélagið Húnaþingi vestra sem nær yfir Vestur-Húnavatnssýslu með tæplega tólfhundruð íbúa. Á starfssvæðinu fellur til um 2700 tonn af úrgangi árlega. Það er um 2,25 tonn á hvern íbúa en langstærsti hluti þess er rekstrarúrgangur frá fyrirtækjum.

Svæðisáætlun Húnaþings vestra um meðhöndlun úrgangs sýnir núverandi stöðu úrgangsmála á svæðinu og birtir aðgerðaráætlun sem sveitarfélagið ætlar að nota til að ná þeim kröfum sem settar eru fram í *Landsáætlun um meðferð úrgangs*. Þær auknu kröfur um meðhöndlun úrgangs, sérstaklega krafan um umtalsverða minnkun á urðun lífræns úrgangs, kalla enn frekar á bestu lausnir og samstarf við önnur sveitarfélög.

Svæðisáætlun Húnaþings vestra um meðferð úrgangs er unnin í tengslum við stefnu sveitarfélagsins um sjálfbæra þróun, Staðardagskrá 21. Fyrsta útgáfa staðardagskrár var samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra í desember 2004. Einn kafli þeirrar dagskrár fjallar um úrgang frá heimilum og fyrirtækjum. Þessi áætlun er uppfærsla og endurskoðun þess kafla.

Aðgerðaráætlunin tekur til næstu 14 ára en gert er ráð fyrir að svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs séu endurskoðaðar á þriggja ára fresti. Næsta endurskoðun mun því verða unnin á árinu 2009.

Í velferðarsamfélagi nútímans fer úrgangur vaxandi. Fjölmargir þættir hafa hér áhrif, s.s. kaupmáttur einstaklinga, umsvif atvinnurekstrar, síbreytilegar neysluvenjur, tískustraumar og styttri líftími hvers kyns neysluvöru. Sérhver árangursrík aðferð til að sporna við þessari þróun er eftirsóknarverð þar sem hún lækkar kostnað á öllum stigum meðhöndlunar úrgangs.

Samfélagslegur ávinningurinn er mestur þegar myndun úrgangs er lágmarkaður með skynsamlegri innkaupastefnu á vörum og þjónustu.

Arnar Birgir Ólafsson
Umhverfis- og garðyrkjustjóri
Húnaþings vestra



Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum.

Í Samþykkt um sorphirðu í Húnaþingi vestra frá árinu 1999 kemur fram að sveitarfélagið eða aðilar á þess vegum, annist sorphreinsun og sorpeyðingu frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og sorpeyðingu frá atvinnuhúsnæði. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé eftir samþykkt sveitarfélagsins.



Sveitarfélagið Húnaþingi vestra nær yfir alla Vestur-Húnavatnssýslu með um 1170 íbúa. Hvammstangi er stærsti þéttbýliskjarninn, með um 580 íbúa.

Eftirlit. Yfirstjórn og eftirlit með sorphirðu er í höndum tæknideildar sveitarfélagsins og sér hún um samskipti við þá aðila sem að henni koma, s.s. vegna móttöku spilliefna, meðferðar landbúnaðarplasts og brotajárnshirðu.

Sorpilát. Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir sem sveitarstjórn ákveður. Í samþykktinni kemur einnig fram að húsráðandi geti beðið um að ílátum sé fjölgað og greiðir þá aukagjald sem af þeirri fjölgun hlýst.

Tíðni sorphreinsunar. Sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum tæknideildar og framkvæmdaraðila sorphirðu, tíðni sorphreinsunar. Gert er ráð fyrir að tíðni sorphreinsunar verði að jafnaði vikulega og aldrei sjaldnar er á 14 daga fresti. Ákvörðun um tíðni skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins, svo og ef um breytingar er að ræða, með hæfilegum fyrirvara.

Gjaldskrá. Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til framkvæmdaraðila verksins. Stefna Húnaþings vestra er að á komandi árum muni sorphirðu- og eyðingargjöld endurspeglu sífellt betur þann raunkostnað sem af málaflokknum hlýst.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra var samþykkt af sveitarstjórn árið 2004. Þar kemur fram að eigendur íbúðarhúsa í þéttbýli greiða sorphirðu- og sorpeyðingargjald, íbúar í dreifbýli greiða einungis sorpeyðingargjald en sorphirðu- og sorpeyðingargjald á fyrirtæki, hlutfallslegt, er byggt á gjaldskráum fyrir heimilissorp miðað við fjölda sorptunna sem fyrirtækið þyrfti á að halda skv. reynslu og mati tæknideildar Húnaþings vestra.

Núverandi skipulag sorphála í Húnaþingi vestra er með þeim hætti að umhverfis- og garðyrkjustjóri hefur yfirumsjón með sorphirðu í umboði tæknideildar Húnaþings vestra. Verktaki sér um að hreinsa tunnur vikulega frá heimilum á Hvammstanga og Laugarbakka en í dreifbýlinu eru staðsettir gámar undir almennan heimilisúrgang. Þessir gámar eru flestir tæmdir vikulega en á helstu ferðamannastöðum er hreinsunartíðni aukin yfir sumarmánuðina. Aftur á móti hefur ferðum fækkað yfir vetrarmánuðina á dreifbýlustu svæðunum s.s. á norðurhluta Vatnsness.



Mjög misjafnt er hvað safnast í gáma sveitarfélagsins. Þessi var rétt botnfullur þegar kom að vikulegri tæmingu.

Segja má að öllum sorphirðusvæðum sé sinnt í Húnaþingi vestra. Það er þó svo að þjónustan er mismikil vegna þess hve víðfemt sveitarfélagið er. Það eru helst svæði eins og nyrst á Vatnsnesi og innarlega í fjörðum og dölum sem fá þjónustu af öðrum toga en þéttbýlli svæði. Tekið er á móti úrgangi frá öllum íbúum sveitarfélagsins þó að sorphirðuilátin séu misstór og mislangt frá heimilum.

Gámasvæði Húnaþings vestra er á Hvammstangahöfn þar sem íbúar, stofnanir og fyrirtæki flokka sopp sem frá þeim kemur. Þar eru gámar og skúffur fyrir timbur, brotamálma, gler, burðarhæfan jarðveg, postulín, hjólbarða, kælitæki, ónýtt húsgögn og þrjár gámar fyrir almennan heimilisúrgang.

Gámur undir grófan úrgang og heimilistæki á Hvammstangahöfn var tæmdur 23 sinnum árið 2005.

Timbur. Árið 2005 var 17 rúmmetra skúffa á Hvammstangahöfn keyrð og tæmd 75 sinnum í Grænulaut.



Skúffa undir timbur á Hvammstangahöfn.

Brotamálmar. Árið 2005 var 17 rúmmetra skúffa á Hvammstangahöfn keyrð og tæmd 33 sinnum í Grænulaut.

Hjólbarðar. Árið 2005 var um 10 rúmmetra gámur undir hjólbarða á Hvammstangahöfn tæmdur 17 sinnum.



12,6 tonn af hjólbörðum voru sendir til frekari endurvinnslu árið 2005.

Lífrænn úrgangur er stór hluti þess úrgangs sem kemur frá heimilum. Hann brotnar hratt niður í náttúrunni séu rétt skilyrði fyrir hendi. Undanfarin ár hafa um 40 heimili í dreifbýli og þéttbýli tekið þátt í tilraunarverkefni með jarðgerð á lífrænum matvæla- og garðaúrgangi. Árið

2004 bættust fimm heimili í hópinn og komust þá færri að en vildu. Sveitarfélagið hefur séð um að kaupa jarðgerðartankana og lánar þátttakendum endurgjaldslaust meðan verkefnið stendur yfir gegn því að fá að fylgjast með starfinu. Ekki hefur verið gerð heildarathugun á hvernig það starf gengur.

Gler- og postulínsgámurinn var árið 2005 tæmdur 6 sinnum.



Gámur undir gler og postulín á Hvammstangahöfn.

Móttaka fyrir pappír og bylgjupappa er við Norðurbraut á Hvammstanga. Þar er staðsettur gámur sem íbúar geta sett í skrifstofupappír, dagblöð og bylgjupappa. Hráefnið er tætt niður af starfsmönnum Iðju sem er vinnustofa fatlaðra á Hvammstanga. Tætingurinn er síðan seldur hestamönnum og öðrum sem sýnt hafa framleiðslunni áhuga. Afraksturinn hefur selst jafnóðum og þegar tætingin hefur verið í fullri starfsemi hefur verið tætt um 8,5 tonn af pappír og bylgjupappa. Nýlega hófst tilraunaverkefni í tengslum við þessa söfnun þar sem hluti hráefnisins er jarðgert í Grænulaut á Syðri-Karástöðum. Þar er hráefnið tætt saman við mold og látið brotna niður á nokkrum árum. Þetta verkefni mun verða þróað áfram árið 2006.

Árið 2005 voru 3 tonn af pappír og pappa jarðgerð á Syðri-Karástöðum en vonandi verður það magn mun meira árið 2006.

Söfnunargámar fyrir dagblöð og tímarit eru einnig við verslunina Bakka, Laugarbakka og við Kaupfélag Vestur-Húnvetninga. Samkvæmt tölum frá árinu 2005 voru um **9,2 tonn af dagblöðum og pappír** sent til endurvinnslu á Akureyri.



Hluti pappatætingsins árið 2003.

Móttaka fyrir fernur er við verslunina Bakka, Laugarbakka og við Kaupfélag Vestur-Húnvetninga.



Móttaka fyrir fernur hófst vorið 2003 í Húnaþingi vestra.

Það sem safnast í gámana er sent til Akureyrar og þaðan í frekari endurvinnsluferli í Svíþjóð. Samkvæmt vigtartölum frá árinu 2005 söfnuðust um **1203 kg af fernum** í söfnunargámana. Það þýðir að hver íbúi hafi komið að meðaltali með um 50 fernur í endurvinnslu.

Móttaka á skilaskyldu gleri og öðrum umbúðum fer fram á Hvammstanga og er sent til endurvinnslu utan svæðisins.

Hrossaskítur og heyafgangar frá um 100 hesta hverfi á Hvammstanga er dreift yfir mela sunnan við Grænulaut á svæði sem sláturúrgangur var urðaður á síðustu öld og fram í byrjun þessarar.

Heyrúllplasti er safnað saman tvisvar á ári án kostnaðar fyrir bændur. Söfnunardagar hafa verið í janúar og maí.



Tvær söfnunarferðir á heyrúllplasti voru farnar árið 2005.

Endurvinnslan á Akureyri sér um að greiða verktaka fyrir söfnunina en yfirumsjón með verkinu og kynningu þess hefur umhverfis- og garðyrkjustjóri Húnaþings vestra. Árið 2005 söfnuðust um 60 tonn af heyrúllplasti.

Spilliefnum er veitt móttaka við áhaldahúsið á Hvammstanga, við Víðigerði og við Staðarskála. Spilliefnin eru síðan send til Endurvinnslunnar á Akureyri. Þá sá umhverfis- og garðyrkjustjóri Húnaþings vestra um að dreifa litlum öskjum undir notaðar rafhlöður á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að tæma úr öskjunum við áhaldahúsið, Víðigerði, Staðarskála og við matvöruverslun Kaupfélags Vestur-Húnavetninga á Hvammstanga.

Árið 2005 voru fjölmörg kör og ílát af spilliefnum sen til Akureyrar til frekari meðhöndlunar. Magntölur spilliefna fyrir árið 2005 eru þessar: 1517 kg af úrgangsolíu, 689 kg af smursíum, 9 kg af

framköllunarvökva, 335 kg af málningu, 3 kg af lífrænu efni, 7331 kg af rafgeymum, 255 kg af rafhlöðum, 55 kg af lyfjum og 4 kg af isocyanötum.



Tekið er á móti úrgangsolíu m.a. við áhaldahús sveitarfélagsins og á Hvammstangahöfn.

Tveir tankar fyrir úrgangsolíu eru staðsettir á Hvammstanga. Annar við áhaldhús sveitarfélagsins en hinn við gámasvæði Húnaþings vestra á Hvammstangahöfn.

Molta er búinn til úr garðaúrgangi, þ.e. grasi, mold, trjágreinum o.fl. sem fellur til hjá almenningi. Moltusvæðið er rétt fyrir ofan Hvammstanga, upp á Ásnum svokölluðum.



Unnið við moltusvæðið.

Stöðugt er unnið við að bæta móttöku garðaúrgangs og bæta skipulag svæðisins.

Tekið er á móti notuðum **fatnaði og skóm** í pakkhúsi Kaupfélags Vestur Húnavetninga á Hvammstanga. Tekið er á móti **gömlum lyfjum, nálum og sprautum** í Lyfju í Nestúni 1, Hvammstanga. Tekið er á móti **vaxi** við vinnustofu Iðju á Brekkugötu Hvammstanga.

Jarðvegstíppur sveitarfélagsins er í Kirkjuhvammi fyrir allan burðarhæfan jarðveg s.s. mól, leir, grjót og fl. Það sem fellur til er notað til að byggja upp íþróttasvæðin í Kirkjuhvammi.

Sevra. Samþykkt um rotþrær og siturlagnir í Húnaþingi vestra hefur verið í gildi frá árinu 2004. Sú samþykkt tekur til leyfisveitinga, gerðar, staðsetningar, frágangs og hreinsunar rotþróa. Markmið með samþykktinni er m.a. að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 533/2002 um varnir gegn mengun vatns og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Þá samþykkti sveitarstjórn Húnaþings vestra einnig **gjaldskrá fyrir hreinsun og losun rotþróa** árið 2004. Samkvæmt þeirri gjaldskrá greiða húseigendur í sveitarfélaginu árlegt gjald sem má ekki vera hærra en nemur rökstuddum kostnaði vegna veittrar þjónustu og eftirlits með einstökum þáttum. Húnaþing vestra, eða aðili á þess vegum, annast hreinsun rotþróa frá öllu húsnæði í sveitarfélaginu sem hafa slíkan búnað.

Ekki eru til nákvæmar upplýsingar um magn seyru sem fellur til í Húnaþingi vestra en nú eru um 300 rotþrær í sveitarfélaginu. Skipuleg hreinsun hófst seint árið 2005 en í þeirri hreinsun voru um 12,25 tonn af seyru urðuð í Grænulaut.

Nokkrar tölulegar upplýsingar tengdar sorphirðu árið 2005. Árið 2005 var verktaka sorphirðu greitt fyrir að losa **10350 rúmmetra úr lokuðum gámum** á Hvammstangahöfn og í dreifbýlinu. Þá var verktaka greitt fyrir að fjarlægja **24169 poka** úr heimilistunnum en til að sækja úrganginn úr tunnum og gámum þurfti að keyra **15261 km** árið 2005.

Tæknideild Húnaþings vestra hefur í samráði við sorphirðuverktaka markað sér stefnu í ýmsum málum er snerta söfnun, endurvinnslu og urðun. Allar ruslatunnur, kör og gámar eru t.d. höfð í dökkgrænum lit, Ral 6005, og gengið hefur verið skipulega til verks að útrýma ryðguðum ruslaskápum, gámum og öðrum sambærilegum sorpílátum.



Viðhald endurvinnslugáma í áhaldahúsi sveitarfélagsins.

Með bættri ímynd sorphirðu og endurvinnslu eru bundnar vonir við að virðing íbúa aukist fyrir bættri umgengni og flokkun heimilissorps.

Nýir samningar við verktaka sorphirðu annarsvegar og verktaka sorpurðunar hinsvegar tóku í gildi 1. janúar 2006. Samkvæmt þeim samningum verður nú allt sorp vigtað og skráð. Með þeim hætti verður auðveldara að fylgjast með og stjórna þessum málaflokk. Þá er verktökum einnig gert að halda grænt bókhald yfir rekstur sinn.

Raunkostnaður við meðhöndlun úrgangs hefur ávallt verið hærri en þau gjöld sem innheimt eru af íbúum fyrir þjónustuna. Segja má að gjöldin séu um tvöfalt hærri en tekjurnar. Það er þó ekkert einsdæmi því staðan er svipuð hjá öðrum sveitarfélögum á landinu, sérstaklega í þeim fámennari.

Þegar kostnaður við sorphirðu er sundurgreindur og skoðaður kemur í ljós að raunkostnaður við sorphirðu úr heimilistunnum á Hvammstanga og Laugarbakka er nálægt þeim gjöldum sem íbúar þessara þéttbýlissvæða greiða. Það eru hinsvegar íbúar í hinum dreifðu lendum sveitarfélagsins sem fá hvað mest borgað með sinni sorphirðu, þó að þjónustan við þá sýnist snöggjum verri en við íbúa Hvammstanga og Laugarbakka.

Grænalaut er urðunarstaður fyrir heimilis- og rekstrarúrgang. Grænalaut er í landi Syðri-Kárastaða á Vatnsnes en landeigendur þar hafa séð um starfsemina í verktöku fyrir Húnaþingi vestra.

Í Grænalaut er einnig *söfnunarsvæði sveitarfélagsins* með móttöku fyrir timbur, hjólbarða og brotamálma.

Þá er *geymslusvæði* í Grænalaut þar sem íbúum gefst kostur að geyma bifreiðar, gáma og aðra muni gegn hóflegu gjaldi.

Saga Grænalautar er sú, að við lokun timbur- og brotajárnshaugum við Hvammstanga og Laugarbakka haustið 2002, voru gerðir samningar við landeigendur Syðri-Kárastaða um að leigja Húnaþingi vestra land undir móttöku- og söfnunarsvæði fyrir úrgang. Með því var loks hægt að útbúa eitt þjónustusvæði fyrir urðun, söfnun og geymslu í sveitarfélaginu.

Jafnframt var gerður verksamningur við landeigendur um vöktun, tiltekt og aðstoð við fyrirtæki og almenning á opnunartíma svæðisins. Nafnið *Grænalaut* er eftir samnefndri laut í landinu.



Hreinsun brotamálma við Hvammstanga haustið 2002.

Fyrripart vetrar 2003 var mikil vinna lögð í að gera söfnunarsvæðið tilbúið undir starfsemina. Jarðýta ýtti jarðveg ofan af gömlum gorgryfjum og mótaði manir til að skýla svæðið fyrir vindum og sjónum vegfarenda. Þá voru 750 tonn af malarefni sett yfir gorgryfjurnar til að gera söfnunarsvæðið, sem er um 2500 m², sem best úr garði.



Framkvæmdir við söfnunarsvæðið í Grænalaut hófust í mars 2003.

Markmiðið er að svæðið verði tæmt eftir þörfum, timbrið kurlað en hjólbarðar og brotajárn flutt burt til frekari endurvinnslu.

Í júní 2003 var Grænulaut opnuð fyrir móttöku á brotamálmum, hjólbörðum og tímbrí. Samhliða var opnað geymslusvæði í Grænulaut þar sem íbúum sveitarfélagsins gefst kostur á að geyma stóra hluti gegn hóflegu gjaldi.

Í október árið 2004 veitti Umhverfisstofnun Húnaþingi vestra starfsleyfi fyrir urðun í Grænulaut til ársins 2017.

Árin 2004 til 2005 var áfram unnið að stækkun geymslusvæðisins. Stækkunin á þessum árum var upp á um 700 m² sem þýddi að um 250 rúmmetrar af mól bættust í planið. Þá var einnig sett upp hluti girðingar umhverfis geymslusvæðið til að verja hagsmuni þeirra aðila sem þar leigja skika.



Hluti geymslusvæðisins í Grænulaut tilbúið.

Ekki er frjálts aðgangur að Grænulaut enda afgirt með girðingu til að hindra umferð manna og ferfætlinga. Þegar ekki er urðað eða móttaka opin er hlið læst svo að ekki er um ólöglega losun að ræða á svæðinu. Þá er úrgangur sem settur er í urðunargryfju birgður jafnóðum. Eftirlitsmaður Húnaþings vestra er forstöðumaður tæknideildar og fulltrúi hans er umhverfis- og garðyrkjustjóri.

Grunnvatnssýni úr sýnatökuholum við urðunarstaðinn eru tekin með reglubundnum hætti í samráði við eftirlitsaðila til að fylgjast með grunnvatnsrennslinu, þ.e. hvort mengandi efni séu að berast frá urðunarsvæðinu.



Söfnun hjólbarda og timburs í Grænulaut.

Þá eru lífræn mengunarefni, myndun gass og útvaldir þungmálmur mældir í samráði við Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra og Umhverfisstofnun. Vorið 2003 voru sett niður þrjú rör í samráði við Umhverfisstofnun til að fylgjast með myndun hauggas í Grænulaut.

Við frágang urðunarsvæðis, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi í landi Syðri-Kárastaða lýkur verður farið eftir ákvæðum reglugerðar 786/1999 um mengunarnaefstirlit, eða annarra laga og reglugerða, þegar það á við, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

Skipulag frágangs og landnotkunar mun verða með þeim hætti að hann falli sem best að næsta umhverfi. Áætlun varðandi endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarsvæðisins mun liggja fyrir ekki síðar en hálfu árið áður en starfsemi lýkur.

Á árinu 2005 var á á urðunarsvæðinu í Grænulaut grafið í jörðu um 500 tonn af heimilisúrgangi og um 1100 tonn af sláturúrgangi. Auk þess voru 3 tonn af dagblöðum og pappa jarðgerð á urðunarsvæðinu.

Framtíðarsýn í sorpmálum. Gera má ráð fyrir að um 500 tonn af heimilisúrgangi og um 1.200 tonn af sláturúrgangi verði urðuð í Grænulaut árið 2006 en eftir það fari magn af urðuðum úrgang hægt en örugglega minnkandi ár frá ári vegna aukinnar endurvinnslu á svæðinu. Fleiri gámar undir fernur og pappír hafa verið keyptir og því má búast við að aukning verði á endurvinnslu í þessum málaflokk.



Geymslusvæðið í Grænulaut stækkað vorið 2005.

Vonir standa einnig til að hægt verði að hefja **kurlun timbers í Grænulaut á árinu 2006** og fyrirséð er að allt brotajárn og hjólbarðar verði flutt burt á árinu til frekari endurvinnslu.

Uppbygging í Grænulaut mun halda áfram og á þessu ári verða girðingar lagfærðar og bættar ásamt því sem nýtt hlið verður sett við Vatnsnesveginn.

Áfram verður pappír og **pappi jarðgerður í Grænulaut** og stefnt er að því að halda áfram moltugerð á Ásnum fyrir ofan Hvammstanga.

Sorphirðuverktaki mun í samstarfi við Húnaþing vestra og Endurvinnsluaðila **safna heyrúlluplast a.m.k. tvisvar sinnum árið 2006.** Stefnt er að því að fjölga ferðum til að hafa söfnunina jafnari yfir árið.



Söfnunarsvæðið í Grænulaut vorið 2005.

Samkvæmt staðardagskrá 21 fyrir Húnaþing vestra verður tilraunaverkefni í jarðgerð heimilisúrgangs frá Laugarbakka sett á laggirnar árið 2007. Árið 2006 verður því notað til að undirbúa það verkefni í samstarfi Háskólann að Hólum, önnur sveitarfélög og hagsmunaaðila.

Fyrirkomulag sorphirðu er sífellt til endurskoðunar og sú umræða hefur m.a. komið upp annað veifið að hætta notkun gáma til sveita og taka þess í stað upp heimilistunnur líkt og á þéttbýlisstöðunum. Enn sem komið er hefur kostnaðurinn við slíkt fyrirkomulag reynst það mikill að ekki hefur verið ráðist í þær breytingar.

Gallar við núverandi **sorphirðukerfi** eru aðallega fölgirnir í því að íbúar hafa litla möguleika til að ná fjárhagslegum sparnaði fyrir heimilin þrátt fyrir öfluga endurvinnslu úrgangs. Núverandi kerfi er þannig að það veltur einkum á samvisku hvers og eins hvernig til tekst með endurvinnslu og flokkun.

Ein leið til útbóta gæti verið að fækka sorphirðudögum og tæma heimilistunnur á tveggja vikna fresti í stað vikulega eins og nú er gert. En þá verða að vera fleiri leiðir opnar til endurvinnslu, s.s. með miðlægri jarðgerð lífræns heimilisúrgangs. Með slíkri breytingu væri hægt að bjóða íbúum upp á lækkun á sorpgjöldum.



Gámar undir heimilisúrgang í dreifbýli Húnaþings vestra.

Svæðisáætlun til ársins 2020

Lagaramminn er sífellt að þrengja að sorphirðuskipulagi sveitarfélaga. Umhverfisstofnun gaf út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs, 2004-1016, í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Landsáætlunin er fyrsta heildstæða áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir allt landið. Í henni koma fram tímasett og magnsett markmið sem uppfylla á í áföngum á gildistíma áætlunarinnar. Markmið landsáætlunarinnar er að draga markvisst úr myndun úrgangs, auka endurnýtingu, endurnotkun og minnka magn úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar. Auk þess á landsáætlunin að vera vegvísir til sveitarfélaga sem fara með framkvæmd úrgangsmála hér á landi.

Eftir tímaröð eru markmið landsáætlunarinnar eftirfarandi:

Frá og með 1. janúar 2006 skal endurnotkun og endurnýting vera minnst 85% af úr sér gengnum ökutækjum (ennfremur skulu minnst 80% af meðalþyngd ökutækis endurnotuð eða endurunnin).

Áætlað er að 80-85 % ökutækja í Húnaþingi vestra fari nú í endurvinnslu. Ekki eru til nákvæmar tölur um þennan málaflokk enda mjög flókið að reikna slíkt. Engu að síður má reikna með að þetta prósentuhlutfall sé nokkuð nálægt lagi enda móttaka fyrir ónýt ökutæki mjög góð í sveitarfélaginu.

Frá og með 16. júlí 2006 er óheimilt a.ð urða kurluð dekk.

Húnaþing vestra hefur undanfarin ár sent frá sér þá hjólbarða sem safnast hafa saman í sveitarfélaginu.



Söfnun hjólbarða og úr sér genginna ökutækja í Grænulaut.

Ekki eru nein áform uppi um að breyta því fyrirkomulagi og því mun sveitarfélagið að öllum líkindum uppfylla þetta ákvæði áfram.

Frá og með 1. desember 2006 þarf að meðhöndla minnst 4 kg af raftækjum á hvern íbúa á ári á viðeigandi hátt.

Samkvæmt áætluðu magni er þetta markmið uppfyllt nú þegar með söfnun raftækja sem flutt eru úr sveitarfélaginu í formi brotamálma.. Húnaþing vestra stefnir að því að auka þetta magn eftir bestu getu.

Frá og með 1. janúar 2009 skal lífrænn heimilis- og rekstrarúrgangur sem berst til urðunarstaða hafa minnkað niður í 75% af heildarmagni (miðað við þyngd) þess lífræna úrgangs sem til féll árið 1995.

Úrgangur frá rekstraraðilum á Hvammstanga myndar aðalmagn þess lífræna úrgangs sem fellur til í Húnaþingi vestra. Áætlað er að um 1100 tonn hafi verið urðuð í Grænulaut af gori árið 2005 á móti um 220 tonnum af lífrænum heimilisúrgangi.



Hér sést molta, afrakstur jarðgerðar lífræns heimilisúrgangs á Hvanneyri.

Til að minnka umfang lífræns úrgangs er mikilvægast fyrir sveitarfélagið að vinna náið með rekstraraðilum sláturhússins í að finna leiðir til að endurvinna gorið. Jafnframt mun Húnaþing vestra vinna áfram að því að kanna möguleika þess að jarðgera allan lífrænan úrgang sem fellur til hjá íbúum sveitarfélagsins.

Áætlað er að hefja jarðgerð lífræns heimilisúrgangs árið 2007 frá íbúum Laugarbakka.

Fyrir 16. júlí 2009 þurfa starfandi urðunarstaðir að hafa lagað sig að þeim kröfum sem gerðar eru, sbr. reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs, eða loka ella.

Umhverfis- og garðyrkjustjóri, í umboði tæknideildar Húnaþings vestra, mun vinna með landeigendum, verktökum og Umhverfisstofnun að því að urðunarstaður sveitarfélagsins uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminar.

Árið 2003 tók í gildi reglugerð nr. 738 um urðun úrgangs. Reglugerðin felur í sér hertar reglur og auknar kröfur um notkun og rekstur urðunarstaða í landinu. Í 5. grein reglugerðarinnar segir:

„Einungis er heimilt að urða úrgang sem hlotið hefur eðligræna, varmatengda, efnafraeðilega eða lífræna meðferð, þ.m.t. flokkun, sem breytir eiginleikum úrgangsins þannig að umfang hans minnkar, af honum stafar síður hætta eða urðun verður einfaldari“.

Í þessu felst að allur úrgangur sem fer til urðunar þarf að fara í gengum móttökustöð og fá einhverja þá meðhöndlun sem lýst er í greininni. Ekki verður hægt að losa úrganginn beint á urðunarstað úr söfnunarferlinu.

Frá og með 1. júlí 2013 skal lífrænn heimilis- og rekstrarúrgangur sem berst til urðunarstaða hafa minnkað niður í 50% af heildarmagni (miðað við þyngd) þess lífræna úrgangs sem til féll árið 1995.

Sveitarfélagið setur sér þá stefnu að vinna markvisst með íbúum, stofnunum, fyrirtækjum sem og Umhverfisstofnun til að ná þessum markmiðum.

Frá og með 1. janúar 2015 skal endurnotkun og endurnýting úr sér genginna ökutækja vera minnst 95% (ennfremur skulu minnst 85% af meðalþyngd ökutækis endurnotuð eða endurunnin).

Sveitarfélagið mun vinna markvisst með íbúum, stofnunum, fyrirtækjum og Umhverfisstofnun til að ná þessum markmiðum.

Frá og með 1. júlí 2020 skal lífrænn heimilis- og rekstrarúrgangur sem berst til urðunarstaða hafa minnkað niður í 35% af heildarmagni (miðað við þyngd) þess lífræna heimilisúrgangs sem til féll árið 1995.

Sveitarfélagið mun vinna markvisst með íbúum, stofnunum, fyrirtækjum og Umhverfisstofnun til að ná þessum markmiðum.

Aðrir úrgangsflokkar sem landsáætlunin tekur til falla undir lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald en árið 2002 var úrvinnslusjóður settur á fót og er úrvinnslugjald lagt á ýmsar vörur til að greiða fyrir endurnýtingu eða förgun þegar þær verða að úrgangi: Spilliefni, hjólbarða, úr sér gengin ökutæki, samsettar drykkjarumbúðir og heyrúlluplast.

Gera má ráð fyrir að úrvinnslugjald verði lagt á fleiri úrgangsflokka í framtíðinni.

Opinberir ábyrgðaraðilar og þeir sem eiga að fylgja þessari áætlun eftir,

Sveitarstjórn Húnaþings vestra sér um að heildarmarkmið áætlunar náist og lætur endurskoða hana á 3 ára fresti. Þá stuðlar sveitastjórnin að samvinnu milli sveitarfélaga í þeim tilfellum sem það skapar hagkvæmni og móta stefnu fyrir stofnanir og deildir sveitarfélagsins í takt við sett markmið. Sveitarstjórn kallar reglulega eftir upplýsingum um stöðu mála og setur samþykki og gjaldskrár.

Tæknideild Húnaþings vestra sér um að þjónusta sé í samræmi við markmið sveitarstjórnar, er upplýst um nýjustu aðferðir og tækni í sorphirðu, skoðar reglulega og metur markað fyrir flokkaðan úrgang, kemur upplýsingum um sorphirðumál, s.s. flokkun og endurvinnslu, á framfæri á heimasíðu sveitarfélagsins, ráðleggur sveitarstjórn um stefnur og markmið í úrgangsmálum, vinnur í samstarfi við aðra málsaðila við lausnir, leysir tæknilega þætti sorphirðu, hönnun o.fl., vinnur að því að sorphirðumál séu tvinnuð inn í aðal- og deiliskipulag t.d. að ákveða hvar sorphirðuþjónusta á að vera staðsett.

Fræðsluyfirvöld, s.s. grunnskóli og leikskóli, sjá um að koma nauðsynlegri fræðslu um sorphirðumál inn í kennslu á réttum stöðum, mótar virka stefnu í sorphirðumálum skóla í takt við markmið sveitarfélagsins.

Deildar-stjórar / innkaupastjórar sjá um að setja inn skilmálma að keyptar séu vörur sem eru umhverfisvænar samanber stefnu Húnaþings vestra um umhverfisvæn innkaup.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra aðstoðar aðila í sorphirðu við að uppfylla lög og reglur sem í gildi eru og aðstoða rekstraraðila sem haft er eftirlit með, við að uppfylla lög og reglur sem gilda um úrgang.

Umhverfisstofnun safnar saman upplýsingum frá öllum sveitarfélögum og birti tölfræði niðurstöður, veitir sveitarfélögum stuðning til að vinna að markmiðum með fræðslu, námskeiðum og upplýsingamiðlum.

Niðurstaða nefndar um verka- og kostnaðarskiptingu Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga.

Að lokum er rétt að minnast á þá umræðu sem í gangi er varðandi sorphirðu og endurvinnslumál en þessi málaflokkur er í sífelldri mótun. Í þessu samhengi má nefna niðurstöðu nefndar sem Umhverfisráðherra skipaði í mars 2005. Nefndinni var falið það verkefni að gera tillögu um skýra verka- og kostnaðarskiptingu milli Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga um þær tegundir úrgangs sem falla undir úrvinnslugjald. Nefndin lauk störfum í febrúar 2006 og eru helstu tillögur nefndarinnar eftirfarandi:

-Framleiðendur vöru beri aukna ábyrgð á úrgangi sem af vörunni hlýst.

Framleiðsluábyrgð byggir á því að framlengja ábyrgð framleiðenda á vöru sinni svo hún nái yfir ábyrgð á öllum samfélagslegum kostnaði við úrvinnslu úrgangs þar á meðal umhverfiskostnaði vegna förgunar.

-Sama gjald verður greitt fyrir hvert kg af umbúðaúrgangi hvar sem er á landinu.

Flutningur verður greiddur sér og miðast við flutning milli póstnúmera.

-Fulltrúi Sambands Íslenskra sveitarfélaga í nefndinni bendir á mikilvægi þess að ábyrgð og forræði sveitarfélaga sé skýrt og skilgreint í lögum hvað varðar söfnun úrgangs frá heimilum, með það að leiðarljósi að úrgangssöfnun fari fram með sem hagkvæmustum hætti fyrir sveitarfélögin og þar með íbúana, sem og umhverfið.

Nálægðarreglan kveður á um að stjórnvaldsákvæðanir skuli ekki teknar á hærra stjórnarsýslustigi en nauðsyn krefur. Málefni sem sveitarstjórnir ráða við eiga ekki að flytjast á efra stjórnarsýslustig og málefni sem ríkisstjórnir geta ráðið fram úr eiga heima þar en ekki hjá yfirþjóðlegum stofnunum. Markmið reglunnar er að ákvæðanir verði teknar í eins mikilli nálægð við borgarana og mögulegt er.

-Ábyrgð á því að ná tilteknum markmiðum um endurvinnslu og endurnýtingu í lögum og reglugerðum varðandi flokkaðan úrgang sem fellur undir lög um úrvinnslugjald verði hjá Úrvinnslusjóði og að honum beri að ná þeim markmiðum á landsvísu á eins hagkvæman hátt og mögulegt er. Þannig er lagt til að sveitarfélögin beri ekki lengur ábyrgð á að ná ofangreindum markmiðum hvert á sínu svæði.

Nefndin leggur til að hafin verði vinna við að útbúa frumvarp til breytinga á lögum um úrvinnslugjald og lögum um meðhöndlun úrgangs á grundvelli tillagna nefndarinnar.

*Arnar Birgir Ólafsson
Umhverfis- og garðyrkjustjóri
Húnaþings vestra*



Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum

Markmið

1. Draga úr myndun úrgangsefna. (ÚR01).
2. Leggja áherslu á jarðgerð lífræns úrgangs. (ÚR02).
3. Vinna að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem það er mögulegt. (ÚR03).

Framkvæmdaráætlun

Heiti verks: **Íbúar hvattir til að stunda umhverfisvæn innkaup.** (ÚR01-2).

Lýsing: Sveitarfélagið miðli fróðleik og hvetji íbúa til þess að hafa umhverfismál í huga varðandi almenn innkaup sín.

Lokið fyrir: 1. maí 2006.

Heiti verks: **Gámasvæðið fái vöktun og afmarkaðan opnunartíma.** (ÚR03-1).

Lýsing: Gámasvæðinu verði fundinn varanlegur staður, það afmarkað og vaktað á opnunartíma til að stuðla að betri flokkun og minni skemmdarverkem.

Lokið fyrir: 1. september 2006.

Heiti verks: **Aukin endurnýting og endurvinnsla á heimilum, fyrirtækjum og stofnunum.** (ÚR03-2).

Lýsing: Sveitarfélagið miðli fróðleik og hvetji íbúa til að flokka og endurnýta úrgang.

Lokið fyrir: 1. september 2006

Heiti verks: **Miðlæg jarðgerð á þéttbýlisstöðum.** (ÚR02-1).

Lýsing: Sveitarfélagið setji á laggirnar miðlæga söfnun og vinnslu á lífrænum úrgangi frá Laugarbakka.

Lokið fyrir: 1. október 2007.

Heiti verks: **Lífrænn heimilis- og rekstrarúrgangur minnki niður í 75% af heildarmagni þess lífræna úrgangs sem féll til árið 1995.** (ÚR04-1).

Lýsing: Til að minnka umfang lífræns úrgangs þarf sveitarfélagið að vinna náið með rekstraraðilum matvælafyrirtækja í sveitarfélaginu til að finna leiðir í að endurvinna lífrænan úrgang frá þeim. Jafnframt mun Húnaþingi vestra vinna áfram að því að kanna möguleika þess að jarðgera allan lífrænan heimilisúrgang sem fellur til hjá íbúum sveitarfélagsins.

Lokið fyrir: 1. janúar 2009.

Heiti verks: **Uppfylla kröfur sem gerðar eru til urðunarstaðar sveitarfélagsins, sbr, reglugerð 738/2003. (ÚR04-2).**

Lýsing: Tæknideild Húnaþings vestra mun vinna með landeigendum, verktökum og Umhverfisstofnun að því að urðunarstaður sveitarfélagsins uppfylli þær kröfur sem gerðar eru.

Lokið fyrir 16. júlí 2009

Heiti verks: **Lífrænn heimilis- og rekstrarúrgangur minnki niður í 50% af heildarmagni (miðað við þyngd) þess lífræna úrgangs sem féll til árið 1995. (ÚR04-3).**

Lýsing: Sveitarfélagið mun vinna markvisst með íbúum, stofnunum og fyrirtækjum og Umhverfisstofnun til að ná þessum markmiðum.

Lokið fyrir: 1. júlí 2013.

Heiti verks: **Endurnotkun og endurnýting úr sér genginna ökutækja skal vera minnst 95% (ennfremur skulu minnst 85% af meðalþyngd ökutækis endurnotuð eða endurunnin). (ÚR04-4).**

Lýsing: Sveitarfélagið mun vinna markvisst með íbúum, stofnunum og fyrirtækjum og Umhverfisstofnun til að ná þessum markmiðum.

Lokið fyrir: 1. júlí 2015.

Heiti verks: **Lífrænn heimilis- og rekstrarúrgangur minnki niður í 35% af heildarmagni (miðað við þyngd) þess lífræna úrgangs sem féll til árið 1995. (ÚR02-3).**

Lýsing: Sveitarfélagið mun vinna markvisst með íbúum, stofnunum og fyrirtækjum og Umhverfisstofnun til að ná þessum markmiðum.

Lokið fyrir: 1. júlí 2020.

Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum.

Samþykktir og gjaldskrár sveitarstjórnar.



Samþykkt um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

Samþykkt um rotþrær og siturlagnir.


Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

Gjaldskrá fyrir losun og hreinsun rotþróa.

Gjaldskrá fyrir geymslusvæðið í Grænulaut.

Samþykktirnar og gjaldskrárnar er að finna á vef sveitafélagsins www.hunathing.is

Gildandi lög og reglur



Starfsleyfi fyrir urðunarstað Húnaþings vestra UST/2004.

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.

Reglugerð um úrvinnslugjald nr. 227/2003.

Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

Reglugerð um urðun úrgangs nr. 738/2003.

Reglugerð um brennslu úrgangs nr. 739/2003.

Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.

Reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999.

Reglugerð um varnir gegn sorpmengun frá skipum. nr. 107/1998.

Reglugerð um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum nr. 571/1997.

Mengunarvarnarreglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum.

Heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990.

Reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002.

Reglugerð um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi nr. 428/2003

Lögin er að finna á Alþingisvefnum www.althingi.is og reglugerðirnar m.a. á vef Stjórnarráðsins www.reglugerd.is. Og þar eru einnig nýjustu breytingar á þessum reglugerðum og þær sem eru í gildi. Fylgjast þarf vel með breytingum og skoða lögin og reglugerðir með nýjustu breytingum.